


Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. nóvember 2009
UST20090900003/abg

Efni: Breyting á deiliskipulagi frístundarbyggðar í landi Austureyjar I og III í Bláskógbabyggð.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnессýslu og Flóahrepps er barst þann 1.september sl. þar sem óskað er umsagnar að breytingu á deiliskipulagi fyrir Austureyjar I og III í Bláskógbabyggð, vegna fyrirhugaðrar bátabryggju og stækkan einkalóðar í frístundabyggð.

Fyrirhuguð bátabryggja í landi Austureyjar I í Bláskógbabyggð.

Umhverfisstofnun bendir á að Apavatn nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37.grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal skv. fyrnefndri lagagrein forðast röskun þeirra eins og kostur er. Apavatn fellur undir þá skilgreiningu. Gert er ráð fyrir að bryggjan verði staðsett fyrir enda svæðis sem ætlað er fyrir aðkomu slökkviliðs að Apavatni.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að áður hefur verið reynt að halda úti bryggjum við Apavatn samkvæmt upplýsingum frá landeiganda í Austureyjum. Bryggjurnar voru hins vegar fjarlægðar vegna þess að illa tókst að festa stoðir þeirra í vatninu vegna mikillar leðju og kvíksyndis sem þar er. Botn vatnsins virðist því ekki vera vel til þess fallinn að í hann séu festar stoðir án mikils rasks. Að mati Umhverfisstofnunar eru þó ekki líkur á að bygging bátabryggjunnar hafi í för með sér mikla röskun á fyrrgreindu stöðuvatni miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir.

Fyrirhuguð stækkun á lóð, Röðulsgötu 17.

Breytingin felst í stækkun á lóðinni Röðulsgata nr.17 úr 3140m^2 í 3752m^2 .


Umhverfisstofnun bendir á að í vettvangskönnun stofnunarinnar sem farin var 3. nóvember sl. kom í ljós að framkvæmdir við byggingu sumarhúss á lóðinni er þegar farin af stað. Núverandi sumarhússbyggingu er snúið öðruvísi á byggingarreit en það hús er áður stóð á lóðinni samkvæmt upplýsingum frá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps. Bendir stofnunin á að í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segi:

„skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 metra og að ekki verði hindruð leið fótgangandi að þeim“.

Að mati Umhverfisstofnunar þá mun fyrirhuguð stækkun lóðamarka Röðulsgötu nr.17 takmarka aðgengi almennings meðfram Apavatni. Leggst stofnunin því gegn fyrrgreindri stækkun lóðar við Röðulsgötu nr. 17.

Að öðru leyti en hér að framan greinir, þá gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á deliskipulagi.

Virðingarfyllst



Adalbjörg Birna

Guttormsdóttir


Olafur A Jónsson
Deildarstjóri